

Þriggja ára matsáætlun fyrir Grunnskóla Seltjarnarness var lögð fram haustið 2017 og nær hún til ársins 2020. Í þessari áfangaskýrslu er að finna upplýsingar um sjálfsmatið skólaárið 2017-2018 auk þess sem sem áætlunin sem slík verður metin þ.e. hvað er gott og hvað má betur fara.

Sjálfsmatsáætlun skólans er sett upp á mánuði og verður farið yfir áætlun hvers mánaðar í þessari skýrslu, rýnt í hvernig gekk, niðurstöður skoðaðar og metnar og fjallað um úrbætur. Þegar horft er til framkvæmdarinnar þá gekk margt mjög vel en ýmislegt má einnig betur fara. Enn er þessi vinna eingöngu á herðum stjórnenda og spurning hvort þurfi að bæta þar úr.

Ágúst

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Ágúst	▪ Kynning á matsáætlun ▪ Útgáfa og lokayfirferð skólanámskrár og starfsáætlunar ▪ Útgáfa kennsluáætlaða hvers árgangs/hverrar námsgreinar og mat á þeim ▪ Nemenda og foreldrasamtöl – sjálfsmat nemenda	▪ Matsteymi ▪ Stjórnendur ▪ Stjórnendur - kennarar ▪ Kennarar/skólastjórnendur

Kynning á matsáætlun

Ekki hefur verið lokið við matsáætlun og hún því ekki kynnt fyrir skólanefnd, kennurum eða skólaráði.

Útgáfa og yfirferð skólanámskrár og starfsáætlunar

Almenni hluti skólanámskrárinnar var uppfærður. Kennsluáætlanir verða, eins og í fyrra, aðgengilegar foreldrum og starfsmönnum skólans á Mentor.

Útgáfa kennsluáætlaða hvers árgangs/hverrar námsgreinar

Enn er í gangi mikil vinna í því að innleiða nýtt námsmat og nýjar vinnuaðferðir námsmats og kennsluáætlanir í Mentor og þeirri vinnu er gefinn tími til ársins 2018. Á unglingastigi var lögð áhersla á

að ljúka innleiðingu í 7. bekk á vorönn 2017, í 8. bekk á haustönn 2017, í 9. bekk á vorönn 2018 og í 10. bekk á haustönn 2018.

Við gerð kennsluáætlaða verður, eins og áður, stuðst við ákveðinn grunn þar sem m.a. er lögð áhersla á fjölbreytt námsmat, fjölbreytta kennsluhætti og virkni nemenda enda útheimtir námsmat í nýrri aðalnámsrá ekki aðeins breytingar á einkunnagjöf heldur miklu fremur breytingar á kennsluaðferðum. Kennurum allra árganga er nú uppálagt útskrifa nemendur með matstáknunum A, B+, B, C+, C eða D í lok hvers skólaárs.

Nemenda- og foreldrasamtöl (sjálfsmat nemenda)

Nemenda- og foreldraviðtöl voru haldin með sama hætti og síðustu fimm ár, 22. og 23. ágúst.

Nemendur, með aðstoð foreldra, fylltu út þar til gerð eyðublöð fyrir viðtölin þar sem farið var yfir ýmsa þætti skólastarfsins auk þess sem nemendur settu sér markmið fyrir veturinn. Hvert viðtal stóð yfir í 30 mínútur.

Mat og úrbætur:

- Allir kaflar skólanámskrár voru uppfærðir en mismikið - allt eftir þörfum.
- Áfram er unnið að innleiðingu kennsluáætlaða í anda nýrrar aðalnámskrár. Ferlið gengur vel en því lýkur ekki formlega fyrr en um áramótin 2018/2019 skv. áætlun skólans. Vinna við innleiðingu felst fyrst og fremst í því að aðlagða námsefni, kennsluaðferðir og námsmat að nýjum hæfniviðmiðum og vinna áætlanir inn í Mentor til að gera árangur nemenda sýnilegan nemendunum sjálfum og foreldrum. Þó formlegri vinnu ljúki um áramótin 2018/2019 er ljóst að kennsluáætlanir halda áfram að þróast eftir þann tíma enda lifandi plögg.
- Eins og undanfarin ár gengu nemenda og foreldraviðtöl í upphafi skólaárs vel og gert ráð fyrir áframhaldi á þessu fyrirkomulagi.

September

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
September	- Mat á kynningarfundum fyrir foreldra 1. bekkja. - Lestrarpróf MMS lögð fyrir í 1.-10. bekk - Skólakynningar fyrir foreldra - Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk - Orðarún lögð fyrir í 7. og 8. bekk - Mat á kennslu hefst	- Deildarstjóri stigs og aðstoðarskólastjóri - Valhúsaskóli: Stjórnendur Mýrarhúsaskóli: umsjónarkennarar. - Skólastjórndur - Verkefnastjóri í UT - Umsjónarkennarar - Skólastjórndur

Mat á kynningarfundum fyrir foreldra 1. bekkja

Góð mæting var á fundinn en ekki var kannað sérstaklega með viðhorf foreldra.

Lestrarpróf MMS lögð fyrir 1.-10. bekk

Eftir að MMS fór að gefa út lestrarpróf og lesviðmið fyrir alla árganga grunnskólans hafa allir árgangar verið prófaðir í lestri þrisvar á ári og er þetta þriðja árið sem lesfimiþróf MMS eru lögð fyrir nemendur í Grunnskóla Seltjarnarness.

Skólakynningar fyrir foreldra

Um miðjan september voru haldnar skólakynningar fyrir foreldra 1., 4., 7. og 10. bekkina. Áréttað var við foreldra að kennsluáætlanir væru enn í vinnslu með nýju fyrirkomulagi og mætti nálgast þær inni á Mentor. Farið var yfir skólareglur, eineltisáætlun og niðurstöður samræmdra prófa auk þess sem rætt var um læsi, tölvunotkun barna og unglinga, akstursleiðir í kringum skólann o.fl. Nýtt námsmat við lok grunnskóla var einnig kynnt og þá sérstaklega í 10. bekk.

Í ljósi breytts námsmats og nýrrar aðkomu í Mentor var ákveðið að bjóða foreldrum 9. bekkina á 10. bekkjar fundinn og foreldrum 8. bekkina á 7. bekkjar fundinn.

Skólapúlsinn

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)

Orðarún í 7. og 8. bekk


Lesskilningsprófið Orðarún var lagt fyrir nemendur í 7. og 8. bekk og verður það endurtekið í maí og niðurstöður bornar saman.


Mat á kennslu

Ekki hefur enn verið farið af stað með mat á kennslustundum enda önnur verkefni meira aðkallandi að mati stjórnenda s.s. innleiðing nýs námsmats, aukinn lestur í skólanum o.fl. Stefnt er að því að byrja á þessari vinnu á næsta skólaári.

Mat og úrbætur:

- Allir nemendur skólans voru lestrarprófaðir í september og árangur nemenda skráður í skólagátt og í Mentor. Farið var yfir niðurstöður og þær rýndar. Árangur var þannig að ástæða er til að fylgja vel eftir lestrarnámi hjá nemendum allt upp í 10. bekk. Haldið verður áfram með yndislestur fjóra morgna í viku en farið fram á það við kennara að auka það að nemendur lesi upphátt í þeim tímum auk þess sem kennurum er uppálagt að hafa hraðlestrarnámskeið í öllum bekkjum skólans fyrir áramót og séð til með endurtekningu á því eftir áramót. Nemendur verða aftur prófaðir í janúar og maí og væntanlegum framförum fylgt eftir. Í ljósi þess að 7. bekkur kom sérstaklega illa út í prófunum var bætt við lestartímum tvisvar í viku þar sem nemendur lesa saman upphátt og í hljóði 2x25 mín. á viku.





- Mæting á fyrri kynningarfund 1. bekkjar, sem haldinn var í maí, var mjög góð. Seinni kynningarfundurinn var haldinn um miðjan september. Mjög góð mæting var á fundinn en formlegt mat á kynningunum var ekki gert.
- Hinar skólakynningarnar gengu vel að öðru leyti en því að mæting var dræm.
- Niðurstöður í Orðarún hefðu mátt vera betri en niðurstöður voru kynntar foreldrum og þeir hvattir til að efla heimalestur með börnum sínum. Almennt átak í lestir skilar okkur vonandi bættum niðurstöðum í maí.

Október

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Október	- Mat á líðan í 1.- 6. bekk. Rýnihópaviðtöl við 2. og 4. bekk en spurningalisti hjá öðrum árgöngum. - Mat á líðan nemenda í 7.-10. bekk - Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk - Lesskilningsprófið Orðarún lagt fyrir í 3.-6. bekk - Vinna í 7.-10. bekk með samskipti í skólanum í tengslum við 8. okt. – baráttudag gegn einelti	- Deildarstjóri stigs/námsráðgjafi og umsjónarkennarar - Stjórnendur/kennarar - Verkefnastjóri UT - Deildarstjóri stigs/umsjónarkennarar - Stjórnendur/kennarar

Mat á líðan í 1.- 6. bekk. Rýnihópaviðtöl við 2. og 4. bekk en spurningalisti hjá öðrum árgöngum.

Tekin voru rýnihópaviðtöl við átta börn, fjórar stúlkur og fjóra drengi, úr 2. og 4. bekk. Spurt var um bekkjarstarfið, kennslustundir og frímínútur, Skólaskjól/Frístund og fleira. (fylgiskjal nr. 10).


Hjá 4. bekkingum kom fram að almennt líður nemendum vel í kennslustundum en fram komu upplýsingar um samskiptavanda sem verið er að vinna með. Það gengur stundum illa í íþróttum og sundi og sumir eiga erfitt með að fara eftir fyrirmælum. Kvartað er undan aðstöðunni í íþróttasalnum en þau hafa bara hluta salarins vegna framkvæmda við fimleikasalinn. List-og verkgreinar fá almennt mjög mikið lof nemenda. Fáir eru í Frístund en þeir sem þar eru voru ánægðir. Margar skemmtilegar hugmyndir komu fram um það hvernig má bæta skólastarfið t.d. að skólinn byrjaði kl 9:00 og væri til kl 15:00, fleiri skemmtilegar bækur á bókasafnið og lengri lestrartíma og að í matsalnum væri hægt væri að skammta sér sjálfur og hafa tvo rétti í boði hverju sinni.

Sömu spurningar voru lagðar til grundvallar í 2. bekk. Þeim líður almennt vel þau segjast vera góðir vinir og leika saman í frímínútum. Þau nefna samt nokkra sem trufla kennslu t.d. í íþróttum. Mikil ánægja er með allar list- og verkgreinar. Það er skemmtilegt í Skólaskjóli og flestir nefna að það sé gaman í listaskálanum.

Í 1. og 3. bekk var lagður fyrir spurningalisti (fylgiskjal 9).

Niðurstöður í 3. bekk voru almennt mjög jákvæðar. Það var helst heimanámið sem vakti blendnar tilfinningar.


3-bekkur. Könnun á líðan. Svona líður mér.....



Mynd

Nemendum í 1. bekk líður almennt vel og eru ánægðir í skólanum.


1-bekkur. Könnun á líðan. Svona líður mér.....




Mynd

Í 5. og 6. bekk var rafræn könnun lögð fyrir nemendur (fylgiskjal 11).


Niðurstöðurnar sýna að nemendur eru almennt ánægðir með skólann sinn og líður vel.



Mynd





Mynd




Mynd

5. bekkur.






Mynd



Mat á líðan nemenda í 7.-10. bekk

Í nóvember var könnun varðandi líðan lögð fyrir á unglingastigi þ.e. kannað var hvernig nemendur upplifa samskiptin í skólanum. Eins og í fyrra var notast við sömu spurningar og notaðar eru í skólapúlsinum en með könnun skólans fást niðurstöður fyrr og yfirlit yfir líðan allra nemenda í senn auk þess sem gera má samanburð á stöðunni milli árganga. Niðurstöður fyrir skólann í heild má sjá á meðfylgjandi súluriti en talsverður munur var milli árganga. Niðurstöður voru m.a. nýttar til að sýna 9. bekkingum hve sláandi munur var á því hve stúlkur urðu oftar fyrir því að sagt væri eitthvað særandi við þær. Niðurstöður voru nýttar í umfjöllun um jákvæð samskipti í janúar og niðurstöður árganga voru sendar á foreldra til að stuðla að aukinni umræðu á heimilum um samskipti.



Vinna með samskipti í skólanum í tengslum við 8. okt. – baráttudag gegn einelti

Nemendur unnu að veggspjöldum í umsýðarstofum þar sem fjallað var um samskipti. Auk þessa mættu nemendur í þremur hópum inn á bókasafn og fóru í gegnum þrjár spruningar:

- Hvað lætur okkur líða vel í samskiptum
- Hvað lætur okkur illa í samskiptum
- Hvernig getum við æft okkur í jákvæðum samskiptum

Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)

Lesskilningsprófið Orðarún lagt fyrir í 3.-6. bekk

Lesskilningsprófið Orðarún var lagt fyrir nemendur í 3-6 bekk og verður það endurtekið í apríl. Niðurstöðurnar voru kynntar foreldrum og þeir hvattir til að efla heimalestur með börnum sínum.

Mat og úrbætur:

- Sundurliðaðar niðurstöður á líðan nemenda voru sendar á umsjónarkennara og þeir beðnir um að ræða og vinna með niðurstöður með bekkjum sínum þar sem áhersla er lögð á að það eru greinilega einhverjir í skólanum sem taka inn á sig ónægðin samskipti og ræða hvernig megi stuðla að bættri líðan þessara nemenda.
- Baráttudagur gegn einelti gekk mjög vel fyrir sig í 7.-10. bekk. Veggspjöld nemenda voru góð áminning um jákvæð samskipti og voru þau hengd upp um allt í skólanum. Hópvinnan á bókasafninu gekk einnig vel og þar sýndu nemendur að þeir kunna ýmislegt fyrir sér þegar kemur að jákvæðum samskiptum en ljóst að það þarf stöðugt að minna á og hjálpa þeim að æfa þessi jákvæðu samskipti. Niðurstöður af vinnu þessa dags voru kynntar foreldrum á facebooksíðu skólans.

Nóvember

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Nóvember	▪ Greining samræmdra prófa í 4. og 7. bekk. ▪ Sjálfsmat nemenda í 2.-10. bekk, frammistöðumat í Mentor ▪ Mat á framförum í lestri nemenda í 1.-6. bekk, fyrir foreldrafund ▪ Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk ▪ Unnið að bættum samskiptum í skólanum og reynt að koma á samstarfi við foreldra.	▪ Stjórnendur/umsjónar-kennarar/faggreinakennarar ▪ Umsjónarkennarar / stjórnendur ▪ Deildarstjóri stigs og umsjónarkennarar ▪ Verkefnastjóri í UT ▪ Stjórnendur

Greining samræmdra prófa í 4. og 7. bekk.

Samræmd próf voru lögð rafrænt fyrir í 4. – 7. bekk í annað sinn.

Niðurstöður í báðum árgöngum voru rýndar sérstaklega. Niðurstöður 4. bekkinga voru skoðaðar og farið yfir hvers konar stuðning og sérkennslu þeir nemendur, sem voru undir 50 í raðeinkunn, hefðu fengið hingað til og gerð áætlun um áframhaldandi sérkennslu.

4. bekkur íslenska	Einkunn	Raðeink.	Meðaltal	Miðgildi	Staðalfrávik
Grunnskóli Seltj.	6,1	54,4	31,93	33	11,25
Reykjavík			30,25	31	10,46
Nágr. Rvk.			30,17	31	9,87
Landið allt			30,02	31	9,99

4. bekkur stærðfræði	Einkunn	Raðeink.	Meðaltal	Miðgildi	Staðalfrávik
Grunnskóli Seltj.	6,2	50,5	30,34	31	9,57
Reykjavík			30,16	30	10,10
Nágr. Rvk.			29,9	30	9,56
Landið allt			30,02	30	9,95

Skoðaðar voru framfarir í einstökum þáttum prófsins í 7. bekk, þ.e. bornar voru saman niðurstöður árgangs 2005 í 4. bekk og í 7. bekk. Allar niðurstöður voru sendar viðkomandi faggreinakennurum og sérkennurum og áréttað að fólk færi yfir það hvort bæta þyrfti í stuðning þeirra barna í 7. bekk sem voru með undir 30 í raðeinkunn. Stuðningur við þessa nemendur verður áréttaður í byrjun skólaárs 2018/2019.

7. bekkur íslenska	Einkunn	Raðeinkunn	Meðaltal	Miðgildi	Staðalfrávik
Grunnskóli Seltj.		61,5	34,16	35	10,12
Reykjavík			30,60	31	10,59
Nágr. Rvk.			30,76	31	9,57
Landið allt			30,03	30	9,95

7. bekkur stærðfræði	Einkunn	Raðeinkunn	Meðaltal	Miðgildi	Staðalfrávik
Grunnskóli Seltj.		58,95	33,12	33	8,96
Reykjavík			30,6	30	10,38
Nágr. Rvk.			30,54	30	9,85
Landið allt			29,96	30	0,16

Sjálfsmat nemenda í 2.-10. bekk, frammistöðumat í Mentor

Nemenda- og foreldraviðtöl voru haldin 14. nóv. Nemendur og kennarar í 2. -10. bekk fylltu út frammistöðumat í Mentor og var sú vinna lögð til grundvallar í viðtölunum sem stóðu yfir í 15 – 20 mín. hvert. Einnig voru ágústmarkmiðin skoðuð og farið yfir hvernig nemendum hafði gengið að ná þeim.

Mat á framförum í lestri nemenda í 1.-6. bekk, fyrir foreldrafund

Fyrir foreldrafundinn í október voru framfarir nemenda í lestri metnar og kynntar foreldrum.

Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)

Unnið að bættum samskiptum í skólanum

Þar sem starfsfólk Valhúsaskóla og Selsins hafa áhyggjur af ákveðinni menningu sem virðist vera að festa sig í sessi í samskiptum nemenda var sent bréf á foreldra 13. nóvember – daginn fyrir foreldradag - þar sem leitast var við að vekja foreldra til umhugsunar um stöðu mála og leitað eftir hugmyndum um hvað getur verið til ráða. Ýmsir foreldrar brugðust vel við póstinum og skólanum bárust góðar uppástungur um meðferð málsins. Ákveðið var að skólastjórnendur og starfsmenn Selsins settust yfir áætlun varðandi þetta tiltekna mál í desember og fara svo af stað með markvissa vinnu í janúar.

Mat og úrbætur:

- Við skoðun á niðurstöðum samræmdra prófa í 4. og 7. bekk kom í ljós að meðaltal framfarastuðuls 7. bekkjar í íslensku var 3,09 og í stærðfræði 2,95 en framfarastuðullinn 3 segir okkur að framfarir séu svipaðar og almennt gerist. Raðeinkunn 7. bekkjar 2017/2018 lækkaði í flestu frá því í 4. bekk. Í íslenskunni lækkaði raðeinkunn árgangsins um 2,1 stig í lestri en hækkaði um 0,89 stig í málnotkun. Að meðaltali lækkaði hópurinn um 1,55 stig í íslensku milli 4. og 7. bekkjar. Í stærðfræðinni lækkaði raðeinkunn árgangsins um 5,93 stig í reiknisaðgerðum, 7,8 stig í rúmfræði og um 7,05 stig í tölfræði. Að meðaltali lækkaði hópurinn um 7,65 stig í stærðfræði milli 4. og 7. bekkjar.
- Niðurstöður samræmdra prófa verða kynntar kennurum í 5. og 6. bekk svo þeir geti nýtt sér niðurstöðurnar til bættra kennsluhátta.
- Nemenda- og foreldraviðtöl voru haldin 17. nóv. Nemendur og kennarar í 2. -10. bekk fylltu út frammistöðumat í Mentor og var sú vinna lögð til grundvallar í viðtölunum sem stóðu yfir í 15 mín. hvert. Einnig voru ágústmarkmiðin skoðuð og farið yfir hvernig nemendum hafði gengið að ná þeim.

Desember

Mánuður	Verkefni	Ábyrgðaraðili
Desember	Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6.-10. bekk	Verkefnastjóri í UT

Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)

Janúar

Mánuður	Verkefni	Ábyrgðaraðili
Janúar	- Mat á framboði valgreina, samráð við 9 og 10.bekk um valgreinar o.fl. - Lestrarpróf MMS lögð fyrir í 1.-10. bekk - Fundir með nemendum í 7. – 10. bekk (hvað þau eru ánægð með, hvað má betur fara, hvað getum við gert til að öllum líði vel) - Samantekt á niðurstöðum nemendakönnunar haustannar (Skólapúlsinum) - Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	- Aðstoðarskólastjóri unglingad. - Valhúsaskóli: Stjórnendur Mýrarhúsaskóli: umsjónarkennarar - Matsteymi/ umsjónarkennarar - Matsteymi/aðstoðarskóla-stjóri unglingastigs - Verkefnastjóri í UT


Mat á framboði valgreina, samráð við 9 og 10.bekk um valgreinar o.fl.

Annað hvert ár er óskað eftir hugmyndum frá nemendum og foreldrum varðandi námsval og þar sem það var gert í fyrra var ekki gerð formleg könnun meðal nemenda um hugmyndir að nýju námsvali í ár. Námsval var hins vegar borið undir kennara og hver og einn beðinn um að endurmeta það sem að honum snýr. Til að fjölga hugmyndum var listi nemenda frá því í fyrra sendur kennurum til að ath.



hvort hann gæti orðið kveikja að nýjum og ferskum valgreinum. Einnig var ákveðið að nemendur veldu sér námsgreinar í frjálsu val til einnar annar í senn eins og gert er í list- og verkgreinum. Þetta fyrirkomulag nær þó ekki yfir stærðfræðigreinar, spænsku og félagsmálafræði. Þessar námsgreinar eru valdar til alls skólaársins.

Lestrarpróf MMS lögð fyrir í 1.-10. bekk

Fyrirlögn sept. 2017, Grunnskóli Seltjarnarness



Fyrirlögn jan. 2018, Grunnskóli Seltjarnarness



Til samanburðar eru hér birtar niðurstöður septembermánaðar og janúarmánaðar en eins og fram kemur á súluritunum hefur orðið breyting milli mánaða og þá fyrst og fremst varðandi það hvað þeim hefur fækkað sem eru undir viðmiðum MMS og hve þeim hefur fjölgað sem hafa náð viðmiði 3 eða eru á milli viðmiða 2 og 3. Í foreldraviðtölum í febrúar var foreldrum í 2.-10 bekk afhent á blaði þar sem þeir gátu séð, línulega, þróun á lestri barna sinna. Þar kemur berlega fram hve börnum fer aftur í lestri yfir sumartímann og vonandi verður sú umfjöllun sem fram fór í foreldraviðtölunum foreldrum hvatning til að halda við lestri hjá börnum sínum yfir sumartímann.

Fundir með nemendum í 7. – 10. bekk (hvað þau eru ánægð með, hvað má betur fara, hvað getum við gert til að öllum líði vel)

Ekki voru haldnir fundir með nemendum í janúar eins og áætlað var en á degi gegn einelti, 8.

nóvember 2017, var hins vegar unnið samskiptaverkefni sem náði til nemenda í 7.-10. bekk.

Fyrirkomulag dagsins var með þeim hætti að allir nemendur komu á bókasafn í hópum, þvert á árganga, til að svara í þremur spurningum:

Hvað lætur mér líða vel í samskiptum?

Hvað lætur mér líða illa í samskiptum?

Hvernig getum við æft okkur í jákvæðum samskiptum?

Á meðan nemendur voru ekki á bókasafni voru þeir í stofum með umsjónarkennurum þar sem þeir útbjuggu veggspjöld sem miðuðu að því að minna á jákvæð samskipti og hafa þessi veggspjöld hangið uppi á göngum skólans í vetur.

Samantekt á niðurstöðum nemendakönnunar haustannar (Skólapúlsinn 6. -10. bekkur)

Niðurstöður Skólapúlsins eru almennt jákvæðar fyrir haustönn 2017. Kvarðinn sem sýnir niðurstöður einstakra þátta er þannig að 0,5 stig teljast marktækur munur en ekki mikill munur, 1.0 stig telst talsverður munur og 1,5 stig yfir telst mikill munur. Það skal tekið fram að þær tölur sem hér eru gefnar upp eru meðaltal október, nóvember, desember og febrúar.

- **Virgni nemenda í skólanum:** Þessi þáttur var mældur í 6 liðum og mældist skólinn að meðaltali 0.63 stigum yfir viðmiðum. Lægst mældist skólinn 0,4 stigum yfir viðmiðum en það varðaði áhuga á náttúrufræðum en mest mældist skólinn 0,9 stigum yfir viðmiðum en sá þáttur laut að trú á eigin vinnubrögðum.
- **Líðan og heilsa:** Þessi þáttur var mældur í 7 liðum og mældist skólinn að meðaltali 0,4 stigum yfir meðaltali en þar eru tveir þættir ekki reiknaðir með en það eru liðirnir tíðni eineltis og tíðni hreyfingar en þessir þættir eru mældir í prósentustigum. Stjórn á eigin lífi mælist 0,5 stigum yfir meðaltali og vellíðan mældist 0,5 stigum yfir meðaltali en hæst skoraði skólinn í hreyfingu og var þar með 7,6 prósentustigum yfir meðaltali. Sjálfsálit mældist 0,5 stigum yfir meðaltali og hollt mataræði 0,4 stigum yfir meðaltali. Varðandi tíðni eineltis mældist skólinn 0,6 stigum yfir viðmiðunarlópunum, sem er neikvæður munur í þessum þætti en eineltið sem mældist - 0,2 stigum undir viðmiðum og telst það jákvæður munur þó hann sé hvergi nærri nógu jákvæður. Eineltismálin eru þeir þættir könnunarinnar sem þarfnast skoðunar en þar eru mælingar ekki í samræmi við aðrar mælingar skólans. Við nánari skoðun á tíðni eineltis kemur fram að skólinn fékk afleita mælingu í október þ.e. 22,5% en var kominn niður í 10,8% í desember og 5,7% í febrúar. Það bendir vonandi til að sú stöðuga vinna að bættum samskiptum innan skólans hafi skilað árangri.

- **Skóla og bekkjarandi:** Skóla og bekkjarandi var mældur í 5 liðum og mældist skólinn að meðaltali 0,3 stigum yfir meðaltali. Lægsta talan varaði aga í tímum en þar mældist skólinn 0,1 stigi yfir meðaltali. Varðandi virka þátttöku nemenda í tímum mældist skólinn 0,2 stigum yfir viðmiðum. Samband nemenda og kennara mældist 0,2 stigum yfir meðaltali og hæst skoraði skólinn varðandi mikilvægi heimavinnu en þar er skólinn 0,8 stigi yfir viðmiðum.

Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)

Mat og úrbætur:

- Námsval verður með sama sniði og verið hefur á næsta skólaári ef frá er talið að flestar námsgreinar í frjálssu vali verða nú einungis kenndar í eina önn. Auk þess verður sú breyting að þessu sinni að skráningin verður rafræn. Í fyrra var ákveðið að bjóða ekki upp á heimanám sem valgrein heldur að koma á heimanámi eftir skóla fyrir alla nemendur sem þess óska og fá faggreinakennara til að skiptast á að vera til staðar. Þessi tilraun fór í gang strax í haust en að jafnaði var þetta tilboð mjög illa nýtt af nemendum. Vegna þessa var ekki haldið áfram með heimanám á bókasafni eftir áramót og hafa hvorki nemendur né foreldrar spurst fyrir um það hér í skólanum. Áfanginn „Hvað get ég gert“ var kenndur í vetur og er þar fyrst og fremst verið að vinna að því að byggja upp jákvæð samskipti með ýmiss konar skemmtilegum verkefnum og verður áfanginn í boði aftur næsta skólaár. Nokkrar nýjar og spennandi valgreinar urðu til í undirbúningi námsvals fyrir næsta skólaár og má þar nefna forritun, minecraft, skapandi skrif, hatha jóga, málsmíði og makerspace (einföld forritun).
- Nemendakönnun í 6. – 10. bekk á haustönn kemur almennt vel út en gefur vísbendinu um að fylgjast þurfi áfram vel með samskiptamálum/eineltismálum innan skólans auk þess sem æskilegt væri að nemendur upplifðu samband sitt við kennara jákvæðara. Það er ánægjulegt að sjá að skólinn er í efsta sæti sambærilegra skóla varðandi áhuga á stærðfræði, trú á eigin vinnubrögðum, sjálfsálit og stjórn á eigin lífi. Skólinn var í 2. sæti sambærilegra skóla þegar kom að ánægju af lestri, þrautseigju og trú á eigin námsgetu. Mikilvægt er að halda áfram að veita beinni lestrarkennslu og lestrarprófunum inn í 6.-10. bekk og mun skólinn áfram nýta sér að fullu allt það sem MMS býður upp á s.s. hraðlestrarprófin sem nú þegar eru nýtt, lesskilningsverkefni/próf og ritunarverkefni/próf sem væntanleg eru til afnota fyrir skóla.
- Unnið hefur verið mjög markvisst að innleiðingu nýs námsmats og nú í janúar var athyglinni beint að 9. bekk. 10. bekkur verður svo unninn á sama hátt og aðrir árgangar næsta haust og þá ættu allir árgangar unglingadeildar að vera með fullmótað námsmat til frambúðar þó svo að breytingar og endurbætur verði áfram gerðar á námsmati frá ári til árs.

Mánuður	Verkefni	▪ Ábyrgðaraðili
Febrúar	▪ Matsfundur í skólaráði ▪ Mat á líðan í 1.- 6. bekk. Rýnihópaviðtöl við 2. og 4. bekk en skriflegt hjá hinum ▪ Mat á líðan nemenda í 7.-10. bekk ▪ Sjálfsmat nemenda, frammistöðumat í Mentor, ▪ Starfsmannasamtöl (febr-apríl) ▪ Skólapúlsinn – foreldrakönnun (lögð fyrir 2018 og 2020. ▪ Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	▪ Skólastjóri /aðstoðarskólast. ▪ Stjórnendur/kennarar ▪ Umsjónarkennarar ▪ Skólastjórnendur ▪ Matsteymi og verkefnastj. UT ▪ Matsteymi/kennarar ▪ Verkefnastjóri í UT

Matsfundur í skólaráði

Skólaráðsfundur með fulltrúum nemenda var haldinn 17.4. og fundinn sátu nemendaráðsfulltrúar, tveir úr 6. bekk og tveir úr 10. bekk. Almennt voru nemendur ánægðir með skólann og athugasemdir nemenda sneru aðallega að aðbúnaði og mötuneytinu.

6. bekkur: Það sem nemendur nefndu sem jákvæða punkta var að flestir starfsmenn væru skemmtilegir, maturinn í mötuneytinu hollur og skólastofurnar góðar. Það sem 6. bekkingar töldu að þyrfti að bæta var að bjóða mætti upp á Dominos pizzur eins og í Való, tölvurnar væru orðnar gamlar og hægar, auk þess sem skólalóðin væri tómleg og þyrfti að bæta. Það sem nefnt var varðandi skólalóðina var að fá körfur, kastala fyrir eldri og yngri nemendur og trambólín í jörðina. Einnig vilja nemendur í Mýró gjarnan fá að halda hæfileikakeppni.

10: bekkur: Nemendur lýstu yfir ánægju með skólann en það mætti hressa upp á kósíherbergið með meira af húsgögnum og gluggatjöldum fyrir gluggana. Einnig vilja nemendur sjá meiri afþreyingu í frímínútum s.s. spilahorn bæði í kósístofunni og í skotunum við bókasafn (spil vikunnar t.d.), fleiri fótbolta- og borðtennisborð auk þess sem bæta má lýsingu á göngunum (ath. með dagljósaperur). Nemendur óska eftir því að fá aftru fótboltavöllinn í stað hreystivallarins. Nemendur sögðu krakkana

fara of mikið út í Hagkaup í hádegi og sögðu að of mikið væri af mjólkurvörum sem skipta mætti út fyrir eitthvað hollt s.s. vefjur, núðlur o.fl. Nemendur sakna þess að geta ekki lengur keypt ávexti og salat nema með máltíðum. Nemendur vildu gjarnan sjá meiri fjölbreytni þ.e. að láta það sem í boði er vera misjafnt eftir dögum/tímabilum og láta rúlla. Hafragrauturinn er talsvert borðaður.


Mat á líðan í 1.- 6. bekk. Rýnihópaviðtöl við 2. og 4. bekk en skriflegt hjá hinum

Tekin voru rýnihópaviðtöl við önnur átta börn úr hvorum árgangi, fjórar stúlkur og fjóra drengi. Spurt var um bekkjarstarfið, kennslustundir og frímínútur, Skólaskjól/Frístund og fleira. (fylgiskjal nr. 10).

Fjórðu bekkingum líður almennt vel í skólanum. Það gengur stundum illa í íþróttum og sundi og sumir eiga erfitt með að fara eftir fyrirmælum, þó nefna sumir að það gangi betur. Allir eru ánægðir með list-og verkgreinar. Fáir eru í Frístund en þeir sem þar eru voru ánægðir.

Sömu spurningar voru lagðar til grundvallar í 2. bekk. Þeim líður almennt vel þau segjast vera góðir vinir og leika saman í frímínútum, þó bar nokkuð á kvörtunum undan ákveðnum nemendum. Kennarar fengu niðurstöðurnar til að vinna með. Mikil ánægja er með allar list- og verkgreinar. Það er skemmtilegt í Skólaskjóli og aftur nefna flestir hvað það sé gaman í listaskálanum.

Í 1. og 3. bekk var lagður fyrir spurningalisti (fylgiskjal 9). Niðurstöður í 1. bekk voru svipaðar nema aðeins færri voru ánægðir þegar þeir leggja af stað í skólann.



Í þriðja bekk voru niðurstöður svipaðar, ánægja með frímínútur og heimanám hefur þó heldur dalað.




Í 5. og 6. bekk var rafræn könnun lögð fyrir nemendur (fylgiskjal 11).

Niðurstöðurnar sýna að nemendur eru almennt ánægðir með skólann sinn og kennara.

6. bekkur, febrúar 2018


Mér finnst skólinn minn.



Mynd

6. bekkur, febrúar 2018


Mér finnst umsjónarkennarinn



Mynd

5. bekkur, febrúar 2018

Mér finnst skólinn minn.



Mynd




Mynd

Mat á líðan nemenda í 7.-10. bekk

Í mars var könnun varðandi líðan lögð fyrir á unglingastigi í annað sinn á skólaárinu þar sem kannað var hvernig nemendur upplifa samskiptin í skólanum. Eins og fyrr var notast við sömu spurningar og

notaðar eru í skólapúlsinum. Niðurstöður má sjá á meðfylgjandi súluriti en munur var milli árganga eins og fram kemur. Niðurstöður koma ekki á óvart og eru áberandi bestar í 10. bekk. Nauðsynlegt er að kynna niðurstöður könnunarinnar fyrir verðandi 8., 9. og 10. bekk í byrjun næsta skólaárs og taka markvissa umræðu um jákvæð samskipti. Það sem þarf öðru fremur að ræða við nemendur er hve margir óttast það að vera baktalaðir og hve margir upplifa það að sagt sé eitthvað særandi við þá.



Sjálfsmat nemenda, frammistöðumat í Mentor

Nemenda- og foreldraviðtöl voru haldin 15. febrúar Nemendur og kennarar í 2. -10. bekk fylltu út frammistöðumat í Mentor og var sú vinna lögð til grundvallar í viðtölunum sem stóðu yfir í 15 - 20 mín. hvert. Einnig voru ágústmarkmiðin skoðuð og farið yfir hvernig nemendum hafði gengið að ná þeim.

Starfsmannasamtöl í mars og apríl

Starfsmannasamtöl voru tekin í kringum mánaðamótin mars/apríl og hér kemur samantekt á því sem fram kom:

1. Það sem kennarar telja að valdi mestu álagi í starfinu er: Mikil forföll á skólaárinu, kennsla, nýtt námsmat, hæfniviðmið sem erfitt er að skilja, erfiðleikar varðandi færslur í Mentor, tímaskortur og hlaup milli skólabygginga, endurtekin móttaka nýrra starfsmanna, of margir nemendur í hópum, aga-, hömlu- og virðingarleysi nemenda, og úrræðaleysi hvað varðar nemendur með hegðunarvanda, hávaði og ónæði á göngum og frá Frístund eftir kennslu, of mikið uppbrót í

kennslunni (Mýró) verkefni sem fylgja greiningum umsjónarnema, námsefnisgerð, tímon, símamál nemenda, léleg laun, léleg stundatafla, erfiðleikar í íþróttahúsi vegna samskipta, framkvæmda og skorts á stuðningi við nemendur sem þurfa stuðning.

2. Samvinnu telja kennarar almennt ganga vel og safnfræðingur óskar eftir enn meira samstarfi við kennara og langar að koma á fleiri verkefnum á safninu með nemendum.
3. Líðan kennara er einnig almennt góð. Kennurum finnst yfirleitt gaman að kenna en það sem unnið er utan kennslustunda er það sem sumum kennurum finnst frekar íþyngjandi og margir telja að minnka þurfi álag á kennara. Fram komu áhyggjur af þróun tæknimála og skorti á framtíðarsýn bæjarfélagsins. Erfiðleikar í íþróttahúsi hafa valdið þreytu hjá íþróttakennurum. Framfylgja þarf betur reglum sem gilda fyrir nemendur – þ.e. samhæfðari aðgerðir. Upplýsingafæði, t.d. eftir fundi með foreldrum, þarf að vera betra þannig að kennarar fái upplýsingar um fundina og eftirfylgni. Minnka þarf álagið á eldhúsi í Mýró.
4. Samskipti á vinnustaðnum að öllu jöfnu góð. Sumum finnst bera aðeins á neikvæðum umræðum meðal starfsmanna í stað þess að starfsfólk leiti lausna. Það vantar hins vegar upp á góð samskipti starfsmanna skólans og starfsmanna í íþróttahúss og World Class á stundum. Þegar óánægju verður vart er það fyrst og fremst óánægja sem snertir yfirstjórn bæjarins, aðbúnað, kaup og kjör. Einn kennari (Mýró) talar um niðrandi tal (grín) um samstarfsfólk.
5. Kennarar létu almennt vel af samvinnu við stjórnendur, töldu þá aðgengilega og töldu sig fá jákvæðni og stuðning þegar þeir leita þangað. Einn kennari nefndi að of oft væri enginn við á reyndi. Fram kom ábending um að stjórnendur ættu að láta umsjónarkennara um fleiri mál sem varða nemendur (Való). Fram kom ósk um að skólastjóri væri meira í Való, skólastjórnendur settu skóladagatal inn á mentor, stýrðu faglegum umræðum milli faggreina eins og t.d. um samþættingu námsgreina, hefðu harðari stjórn á kennarafundum, stýrðu sætaskipan og upplýstu kennara betur sem eru lítið í húsi um það sem í vændum er. Ósk um að stjórnendur kæmu meira í heimsókn í skólastofur.
6. Varðandi aðbúnað komu fram eftirfarandi ábendingar: Í Valhúsaskóla þarf að fara yfir skápana í stofunum og tryggja að fyllsta öryggis sé gætt varðandi uppsetningu þeirra. Einnig óska kennarar í Valhúsaskóla eftir því að fá læstar hirslur í stofum. Lögð var áherla á húsgögn fyrir nemendur verði endurnýjuð í Valhúsaskóla – skipt verði yfir í léttari og færanlegri húsgögn. Þá vantar kennarastóla í einhverjar stofur auk gluggakistu í stofu 207. Hurðir á sumum stofum hafa verði í ólagi og allur dyraumbúnaður í Valhúsaskóla er á síðustu metrunum. Þá óska kennarar og bókasafnsfræðingur í Valhúsaskóla eftir fleiri ípöddum og fleiri chromebook tölvum. Koma þarf á sjálfsafgreiðslukerfi á bókasöfnum beggja skólahúsa auk þess sem safnið þarf aukatölvu í Való til að fara inn á leitar.is. Það þarf skjávarpa á safnið í Való og heyrnatól. Áhugi er fyrir því að bæta aðstöðu til kennslu í kjallara Való. Einnig vantar vinnuáðstöðu fyrir kennara í annars frábærri

heimilisfræðistofu. Þar vantar skrifborð, wi-fi, og læsta hirslu fyrir kennslugögn o.fl. Í íþróttahúsi þarf að tryggja það að skólinn fái nægilega rúmgott geymslupláss fyrir það sem fylgir íþróttakennslunni. Geymslugrind fyrir kennslugögn í sundi er þung og erfið í notkun. Rannsaka þarf kennaraherbergi í íþróttahúsi og ganga úr skugga um hvort það geti verið heilsuspillandi. Kennarar finna fyrir óþægindum í öndunarfærum og höfuðverkjum. Vantar míkrofón í stofu 106 (ÞES). Lélegt fæði og léleg salernisaðstaða fyrir kennara. Heyrist of mikið á milli stofa. Í Mýrarhúsaskóla kemur fram að stofa 209 er loftlaus. Það vantar smarttöflu í stofu 303 og tölvukostur barnanna er ekki góður. Það þarf að endurnýja borð og stóla í myndmenntastofu, skipta um vask í stofu 210, þar er járnvaskur. Mætti kaupa fleiri verkfæri til kennslu í upplýsingatækni. Þá koma kvartanir frá kennurum vegna hávaða og láta á göngum eftir kennslu þegar nemendur í frístund eru að ganga þar um, sérstaklega þær stofur sem eru næstar.

7. Varðandi námskeið og fræðslu koma fram óskir í Valhúsaskóla um að komast á BETT, fá námskeið í hvernig nútímatækni getur stutt góða kennsluhætti, námskeið í forritun fyrir kennara, námskeið í tilraunum á unglingastigi, prófagerð vegna nýs námsmats, fá að halda áfram að sækja námskeið í nýbúakennslu, matreiðslunámskeið og öll námskeið sem bæta kennsluna, fá að taka þátt í endurmenntunarnámskeiðum íþróttakennara, fræðslu í kennslu barna með sérþarfir í íþróttum, námskeið sem snerta nýjungar í Mentor, skyndihjálparnámskeið a.m.k. annað hvert ár, námskeið hjá Landskerfi bókasafna, Ut. ráðstefnur, erindi, viðburðir og annað sem tengist söfnum, safnkennslu, tækni o.þ.h. Óskað er eftir því að geta sótt endurmenntun til Mixtúru og námskeið með KMSK. Í Mýrarhúsaskóla koma fram óskir um fræðslu um einhverfu, agastjórnun, exel, og spjaldtölvur í kennslu. Nokkrir kennara eru í meistaranámi og þeir hafa nóg.

Skólapúlsinn – foreldrakönnun 2017-2018

Niðurstöður Skólapúlsins eru mjög mismunandi eftir þáttum. Kvarðinn sem sýnir niðurstöður einstakra þátta er þannig að 0,5 stig teljast marktækur munur en ekki mikill munur, 1.0 stig telst talsverður munur og 1,5 stig yfir telst mikill munur. Það skal tekið fram að þær tölur sem hér eru gefnar upp eru meðaltal október, nóvember, desember og febrúar.

- **Nám og kennsla:** Þessi þáttur var mældur í 4 liðum og mældist skólinn mjög mismunandi eftir þáttum. Varðandi ánægju foreldra með **nám og kennslu í skólanum** þá er skólinn 0,3 stigum undir meðaltali. Ef skoðaðar eru þær spurningarnar á bak við þennan þátt sem koma verst út kemur fram að 14,7% foreldra eru frekar ósammála eða ósammála því að notaðar séu almennt góðar kennsluaðferðir í skólanum. 28,6% eru frekar ósammála eða ósammála því að tekið sér vel á agavandamálum í skólanum, 12,7% telja að skólinn veiti ekki reglulega gagnlegar upplýsingar um námsáragur nemenda og 18,2% foreldra eru því frekar ósammála eða ósammála

að skólinn mæti námslegum þörfum nemenda. Ánægja foreldra með **stjórnun skólnas** er 6 prósentustigum yfir meðaltali en 95,9% aðspurðra telja að skólanum sé frekar vel eða vel stjórnað. Þegar foreldrar eru spurðir út í **hæfilega þyngd námsefnis** kemur fram að skólinn mælist 5,5 prósentustigum undir meðaltali. 17,6% foreldra telja að námsefnið sé of létt en 3,9% telja námsefnið of þungt. Spurt er um skoðun foreldra á **aga í skólanum** og mælist skólinn 3,3% undir landsmeðaltali. 29,3% finnst aginn í skólanum vera of lítill en 2% finnst hann vera of mikill.

- **Velferð nemenda: Ánægja foreldra með samskipti starfsfólk við nemendur** mælist 0,2 stigum undir landsmeðaltali en séu niðurstöður rýndar frekar kemur fram að 95,1% foreldra eru mjög ánægðir eða ánægðir með umsjónarkennara, 96,9% með aðra kennara og 96,9% með annað starfsfólk. Foreldrar eru almennt ánægðir með það **hvernig skólinn mætir þörfum nemenda** en þar mælist skólinn 4% yfir landsmeðaltali og er í 2. sæti sambærilegra skóla. Þegar spurt er um **líðan nemenda í skólanum** mælist skólinn 2,6% yfir landsmeðaltali og er í 3. sæti sambærilegra skóla en 94,3% nemenda líður mjög vel eða frekar vel í skólnaum að mati foreldra. Einnig er spurt um **líðan nemenda í kennslustundum almennt** og þar mælist skólinn 0,9% yfir landsmeðaltali og **líðan í frímínútum** er 2,4% yfir landsmeðaltali. **Umfang eineltis í skólanum** er 6,4% undir landsmeðaltali og er það ánægjuleg niðurstaða en skólinn er lægstur í þessari mælingu miðað við sambærilega skóla. 3% foreldra segja barn sitt hafa lent í einelti á þessu skólaári, 11,1% að barn sitt hafi lent í einelti fyrir a.m.k. tæpu ári, 75,8% svara spurðingunni neitandi og 10,1% veit ekki til þess að barn sitt hafi lent í einelti. Þrátt fyrir þetta eru foreldrar ekki eins **ánægðir með úrvinnslu skólans á eineltismálum** og vænta mætti en þar er skólinn 3,4% undir landsmeðaltali. 50% þeirra sem svöruðu spurningu varðandi þetta töldu að skólinn hefði tekið frekar illa eða mjög illa á eineltismáli síns barns. Þegar spurt var um **hraða skólans á úrvinnslu eineltismáls** mælist skólinn 2,1% yfir landsmeðaltali en betur má ef duga skal. **Ánægja með eineltisáætlun skólans** mælist 3,8% undir því sem almennt gerist en svo virðist sem foreldrar í unglingadeild skólans séu almennt ánægðari með eineltisáætlunina en foreldrar yngri barnanna. Mæling á **meðaltímabili eineltis** mælist 0,4 stigum yfir landsmeðaltali en það telst frekar neikvæð mæling.
- **Aðstaða og þjónusta: Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum** er 0,7 stigum yfir það sem mælist að meðaltali á landsvísu og er skólinn þar í 2. sæti í samanburði við sambærilega skóla. **Ánægja foreldra með tómstundapjónustu** mælist 0,1 stig yfir landsmeðaltali en prósentutala þeirra sem eru frekar eða mjög óánægðir er frá 7,1% - 18,5% eftir spruningum sem liggja að baki þessa þáttar. **Hlutfall nemenda í tómstundapjónustu/frístundaheimili** er 2,2% lægra en mælingar á landsvísu sýna og þegar þessi þáttur er skoðaður nánar þá er það miðstigið sem nýtir þessa þjónustu verst. Nýting yngsta stigs er 11,4% yfir landsmeðaltali og nýting unglingastigs á umræddri þjónustu er 4% yfir landsmeðaltali. Sé horft til miðstigsins þá er nýting þar 30,7% undir landsmeðaltali. Þegar spurt eru út í af hverju þessi þjónusta er ekki nýtt svara flestir því til að þeir þurfi ekki á þessari þjónustu að halda fyrir sitt barn eða 80% þeirra sem svara. **Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti** mælast 3% yfir landsmeðaltali. Ánægjan er minnst meðal

foreldra með börn á yngsta stigi en foreldrar með börn á miðstigi og unglingastigi mælast ánægðari með máltíðir mótuneytis en gerist á landsvísu. Miðstigið mælist 11,5 prósentustigum hærra og unglingastigið 13.2 prósentustigum. **Notkun nemenda á mótuneyti skólans** er 5.3% meiri en almennt gerist og þar lendir skólinn í 2. sæti sambærilegra skóla. 94,2% þeirra sem svara könnuninni segja barnið sitt í fæði hjá mótuneyti skólans í hádeginu.

- **Foreldrasamstarf:** Þegar spurt er út í frumkvæði kennara að foreldrastarfi kemur skólinn illa út og mælist 0,6 stigum undir landsmeðaltali og er í næst neðsta sæti sambærilegra skóla. Skólinn er líka 7,5% undir landsmeðaltali þegar spurt er um **áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur**. 48,9% foreldra telja sig hafa frekar lítil eða mjög lítil áhrif þegar ákvarðanir eru teknar í skólanum varðandi barnið þeirra. Þegar spurt er hvort leitað sé til foreldra eftir tillögum og ábendingum og þær teknar til greinar mælist skólinn 7% undir landsmeðaltali. Spurt er um **hvað foreldrar hafa áhrif á og jafnframt hvað foreldrar vilja hafa áhrif á**. Svör við þessum spurningum dreifast víða en jafnframt eru viðhorf foreldra þau að þetta sér verkefni skólans. Ánægja með síðasta foreldraviðtal mælist 0,4% hærra en almennt gerist en þó eru einungis 5,9% foreldra sem eru frekar óánægðir með þetta viðtal og enginn sem lýsir sig mjög óánægðan. Þegar spurt er út í **þátttöku foreldra í gerð námsáætlunar með nemendum** mælist skólinn 17,4% hærri en á landsvísu og er skólinn í 2. sæti í samanburiði við sambærilega skóla. Spurt er út í **mikilvægi þess að foreldrar geri námsáætlun með börnum sínum** og þar mælist skólinn 1,1% yfir landsmeðaltali. **Ánægja foreldra með heimasíðu skólans** mælist 7,7% yfir landsmeðaltali og 2,2% fleiri foreldrar í GS telja sig **upplýsta um stefnu skólans og námskrá** en mælist á landsvísu.
- **Heimastuðningur:** **Virkni foreldra í námi barna sinna** mælist 0,5 stigum undir því sem landsmeðaltal segir til um en **trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið** mælist hins vegar 0,2 stigum yfir landsmeðaltali. **Nemendur í GS leita síður eftir þátttöku foreldra sinna í námi sínu** og mælist skólinn 0,4 stigum undir landsmeðaltali. Þegar spurt er **hvort foreldrum þyki heimavinna hæfileg** mælist skólinn 5,4% undir landsmeðaltali og þar kemur fram að foreldrum finnst heimavinnan frekar of lítil en of mikil. Sá tími sem **foreldrar aðstoða við heimanám** er 3,2% minni en almennt gerist. **Væntingar foreldra um háskólanám barna sinna** eru 16,6% yfir landsmeðaltali en **væntingar foreldra um iðnnám barna sinna** er 8,9% undir landsmeðaltali.

Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. Bekk

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)

Mat og úrbætur:

- Matsfundur með nemendum í skólaráði gefur tilefni til þess að stjórnendur listi upp það sem nemendur vilja sjá í skólanum sínum, forgangsraða því og gera ráð fyrir fjármagni til að geta orðið við einhverjum þessara óska í næstu fjárhagsáætlun. Þar er um að ræða ýmis tæki á skólalóðina í Mýró og fleiri húsgögn og afþreyingu í kósístofuna í Való auk meiri afþreyingar á gangana í Való. Einnig gefur fundurinn með nemendum tilefni til þess að fundað verði með umsjónarmanni mötuneytis skólans og farið yfir það hvort frekar megi koma til móts við óskir nemenda.
- Mat á líðan í 1.- 6. bekk. Rýnihópaviðtöl við 2. og 4. bekk en skriflegt hjá hinum. Niðurstöðurnar eru ræddar við umsjónarkennara og námsráðgjafa ef við á. Vísbendingar um samskiptavanda eru skoðaðar sérstaklega og gripið inn í eftir þörfum.
- Í samskiptakönnun sem lögð var fyrir nemendur í 7.-10. bekk kemur fram, eins og undanfarin ár, að óttinn við baktal er talsverður en ástandið hvað það varðar batnar eftir því sem nemendur eldast. Einnig er ljóst að nemendur eru að verða fyrir særandi athugasemdum alveg upp í 10. bekk þó það komi fram að samskiptin lagist eftir því sem nemendur eldast það er ljóst að áfram verður að fylgjast vel með samskiptum í verðandi 8., 9. og 10. bekk, sýna nemendum niðurstöður þessarar könnunar og eiga markvisst samtal við nemendur um jákvæð samskipti.
- Nemenda- og foreldrasamtölin fóru vel fram og haldið verður áfram með sambærileg samtöl á komandi skólaári.
- Starfsmannasamtöl fóru vel fram og starfsfólk tjáði sig um bæði jákvæða og neikvæða þætti starfsins. Það er ánægjulegt hve langflestum þóttu samskiptin góð /nokkuð góð innan stofnunarinnar en flestir kvörtuðu undan miklu álagi vegna forfalla, nýs námsmats og mikilli vinnu við skráningar í Mentor. Þessir þættir eru allir lítt viðráðanlegir og vonandi eru kennarar að ná betur utan um námsmatið og Mentorvinnuna. Það er a.m.k. tilfinning stjórnenda að fólk hafi almennt staðið sig vel og sé á réttri leið með þessa þætti. Varðandi það sem fólki finnst vanta á í aðbúnaði verður listað upp og reynt eftir fremsta megni að bæta þar úr eftir því sem fjármagn leyfir og úr sumu hefur þegar verið bætt. Skólanum bárust t.d. 75 chrombooks í lok skólaárs og Valhúsaskóli fékk á sama tíma 15 ípadda. Unnið hefur verið að því að bæta úr og tryggja að kennarar fái allir læsta skápa í stofum sínum í Valhúsaskóla auk þess sem farið hefur verið yfir öryggismál sem snúa að veggfestingum skápa í stofum.
- Foreldrakönnun : Séu niðurstöður skólans, sem mældust lægst varðandi nám og kennslu, skoðaðar kemur fram að það eru frekar foreldrar stúlkna sem telja námsefnið of létt fyrir nemendur og frávík frá meðaltali eru meiri meðal nemenda á yngsta stigi en svo dregur saman með niðurstöðum skólans og landsmeðaltals þegar ofar dregur í skólagöngu barnanna og er það

vel. Séu niðurstöður varðandi aga í skólanum skoðaðar kemur fram að foreldrar stráka telja frekar að aga sé ábótavant í skólanum en foreldrum stúlkna og eins finnst foreldrum barna á yngsta og miðstigi frekar vanta upp á aga en foreldrum barna á unglingastigi. Þær niðurstöður koma ekki á óvart þar sem agamál eru mun flóknari á yngri stigum en gott starf sem miðar að því að leysa úr agamálum leiðir til þess að þeim málum fækkar eftir því sem nemendur eldast þ.e. svo virðist sem vinna að agamálum á yngri stigum skili sér upp á unglingastig. Kennsluhættir eru þeir þættir sem eru í stöðugri endurskoðun innan skólans og þannig verður það áfram á öllum skólastigum og sama má segja um agamál. Á meðan skólinn er að koma vel út úr mælingum á landsvísu er ekki ástæða til stórra aðgerða en vissulega þarf skólafólk stöðugt að vera á verði. Almennt mælist skólinn vel þegar spurt er út í velferð nemenda. Umfang eineltismála er minna en almennt gerist en betur má ef duga skal þegar kemur að því að taka á þeim málum sem upp koma því of margir foreldrar telja að skólinn bregðist ekki nógu hratt/vel við þegar upp koma slík mál. Of margir eru óánægðir með það hvernig unnið er eftir eineltisáætlun skólans, eða 29.3%, og það þarf að bæta.

Skólinn mælist almennt vel þegar spurt er út í aðstöðu og þjónustu. Þó skólinn mælist undir meðaltali í nýtingu á tómstundapjónustu / frístundaheimili þá á það einungis við um miðstigið og flestir sem segjast ekki nýta þessa þjónustu fyrir börn sín segjast ekki þurfa á henni að halda. Nýting á þjónustunni á yngsta- og unglingastigi mælist meiri en almennt gerist. E.t.v. þarfnast framboðið á miðstigi skoðunar.

Ljóst er að frumkvæði kennarans í foreldrasamstarfi mælist minna en almennt gerist og minnkar eftir því sem nemendur eldast og þetta þarf að skoða betur. Óskað verður eftir því við kennara að þeir sinni því betur en hingað til að senda tölvupósta á foreldra um það sem er í gangi hverju sinni. Slík skrif opna fyrir meiri samskipti, bjóða upp á skoðanaskipti og leiða til aukinna tengsla milli kennara og foreldra. Aðrir þættir sem voru mældir í þessum flokki koma nokkuð vel út. Foreldrar vilja meira heimanám fyrir börn sín en koma minna að heimanámi barna sinna en almennt gerist. Foreldrum er líka minna um iðnnám gefið fyrir börn sín en háskólanám og því er spurning hvort það þurfi að leggja meiri vinnu í að kynna betur fjölbreytt framhaldsnám fyrir foreldrum jafnt sem nemendum.

Mars

Mánuður	Verkefni	Ábyrgðaraðili
Mars	▪ Skólapúlsinn starfsmannakönnun (lögð fyrir 2017 og svo næst 2019) ▪ Mat á framförum í lestri hjá 1.-6. bekk ▪ Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	▪ Matsteymi og verkefnastj. UT ▪ Deildarstjóri stigs/umsjónarkennarar ▪ Verkefnastjóri í UT

Skólapúlsinn – starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun á vegum skólapúlsins var ekki lögð fyrir í ár og er það skv. áætlun. Könnunin verður hins vegar lögð fyrir í mars 2019.

Mat á framförum í lestri hjá 1.- 6. bekk

Lesfímikannanir eru lagðar fyrir nemendur sem eru undir viðmiðum og aðra nemendur sem talin er ástæða til að fylgjast með. Upplýsingum er komið til foreldra.

Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)

Apríl

Mánuður	Verkefni	Ábyrgðaraðili
Apríl	▪ Mat á skólanámskrá og kennsluáætlunum ▪ Lesskilningsprófið Orðarún lagt fyrir 3.-6.b.	▪ Kennarar/stjórnendur ▪ Deildarstjóri stigs/umsjónarkennarar

	▪ Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	▪ Verkefnastjóri í UT
--	---	---

Mat á skólanámskrá og kennsluáætlunum

Mat á kennsluáætlunum skólaársins hófst í apríl og stóð sú vinna fram að skólalokum í júní. Unnið verður áfram að endurgerð kennsluáætlana í ágúst og lögð áhersla á það að kennsluáætlanir verði fullbúnar ekki síðar en í 1. sept. 2018. Stjórnendur munu nýta ágústmánuð í uppfærslu þess hluta skólanámskrár sem ber yfirskriftina Vitinn.

Lesskilningsprófið Orðarún í 3.-6. bekk

Farið er yfir niðurstöður og þær skoðaðar í samhengi við aðrar lesfímikannanir. Allar niðurstöður eru birtar foreldrum á mentor.

Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk (sjá niðurstöður í janúar og maí)

Maí

Mánuður	Verkefni	Ábyrgðaraðili
Maí	▪ Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk ▪ Lestrarpróf MMS lögð fyrir í 1.-10. bekk ▪ Greining á niðurstöðum samræmdra prófa í 9. bekk. ▪ Orðarún lögð fyrir í 7. og 8. bekk	▪ Verkefnastjóri í UT ▪ Valhúsaskóli: Stjórnendur - Myrarhúsaskóli: Umsjónarkennarar ▪ Stjórnendur/umsjónar- kennarar/faggreinakennarar ▪ Umsjónarkennarar

Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk

Samantekt úr niðurstöðum nemendakönnunar skólaársins 2017-2018

Eins og sést á yfirlitsmyndinni hér fyrir neðan eru niðurstöður Skólapúlsins almennt fremur jákvæðar fyrir skólaárið 2017-2018. Kvarðinn sem sýnir niðurstöður einstakra þátta er þannig að 0,5 stig telst marktækur munur en ekki mikill munur, 1.0 stig telst talsverður munur og 1,5 stig telst mikill munur.

- **Virgni nemenda í skólanum:** Þessi þáttur var mældur í 6 liðum og mældist skólinn að meðaltali 0.73 stigum yfir viðmiðum. Lægst mældist skólinn, 0,6 stigum yfir viðmiðum, en það varðar áhuga á lestri og náttúrufræðum. Hæst mældist skólinn 0,9 stigum yfir viðmiðum en sá þáttur laut að trú á eigin vinnubrögðum.
- **Líðan og heilsa:** Þessi þáttur var mældur í 7 liðum og mældist skólinn að meðaltali 0,38 stigum yfir meðaltali en þar er einelti tekið inn sem +tala þar sem það telst jákvætt að vera undir í þeim lið. Tveir þættir eru hins vegar ekki reiknaðir með en það eru liðirnir tíðni eineltis og tíðni hreyfingar en þessir þættir eru mældir í prósentustigum. Það vekur athygli hve tíðni hreyfingar hefur minnkað eða úr 7,6 prósentustigum á haustönn yfir í 4,1 prósentustig í lok skólaárs. Varðandi tíðni eineltis mældist skólinn 0,4 stigum undir viðmiðunarhópunum, sem er jákvæður munur þó hann sé hvergi nærri nógu jákvæður. Eineltið sem mældist - 0,2 stigum undir viðmiðum og telst það jákvæður munur þó það sé ekki heldur nógu jákvæður munur.
- **Skóla og bekkjarandi:** Skóla og bekkjarandi var mældur í 5 liðum og mældist skólinn að meðaltali 0,34 stigum yfir meðaltali. Allir þeir þættir sem þarna eru mældir þurfa að skoðast og þá ekki síst varðandi aga í tímum og virka þátttöku nemenda í tímum en þessir tveir þættir koma síst út og ekki ólíklegt að þeir séu að einhverju leyti samtvinnaðir.

[Hittuðu](#)

Nemendakönnun 6. 10.b. 2017-2018 – Grunnskóli Seltjarnarness

[Skrá nemendanna](#)
[Skrá PDF](#)
[Deila](#)

Á þessum vefi má sjá gildi af átta mælingum nemendanna í Grunnskóli Seltjarnarness um mál og menningu á árinu 2017-18. Gæðum er veitt miðlað gildi á skalið 1-5 þar sem 1 er lægst og 5 er hæst. Gæðum er veitt miðlað gildi á skalið 1-5 þar sem 1 er lægst og 5 er hæst. Gæðum er veitt miðlað gildi á skalið 1-5 þar sem 1 er lægst og 5 er hæst. Gæðum er veitt miðlað gildi á skalið 1-5 þar sem 1 er lægst og 5 er hæst.

Hægt er að skoða mælingarnar með því að smella á viðbrennið. Hægt er einnig að skoða mælingarnar með því að smella á viðbrennið. Hægt er einnig að skoða mælingarnar með því að smella á viðbrennið. Hægt er einnig að skoða mælingarnar með því að smella á viðbrennið.

Hægt er einnig að skoða mælingarnar með því að smella á viðbrennið. Hægt er einnig að skoða mælingarnar með því að smella á viðbrennið. Hægt er einnig að skoða mælingarnar með því að smella á viðbrennið. Hægt er einnig að skoða mælingarnar með því að smella á viðbrennið.

Hægt er einnig að skoða mælingarnar með því að smella á viðbrennið. Hægt er einnig að skoða mælingarnar með því að smella á viðbrennið.

1. Virkni nemenda í skólanum

Mælingar	Núfornu	N	Landl	N	Máttur
1.1. Aðgang af leik	5.4	218	4.8	16.405	0.6*
1.2. Aðgang af leik	5.8	218	5.0	16.218	0.8*
1.3. Aðgang af leik	5.8	218	5.1	16.445	0.7*
1.4. Aðgang af leik	5.8	218	4.8	16.440	0.6*
1.5. Þú átt að vera virkur í skólanum	5.7	217	5.0	16.181	0.7*
1.6. Þú átt að vera virkur í skólanum	5.8	218	4.8	16.428	0.8*

2. Lífan og heilla






Mælingar	Núfornu	N	Landl	N	Máttur
2.1. Íþróttir	5.4	218	4.8	16.179	0.6*
2.2. Sjálf átt að vera virkur	5.4	218	4.8	16.156	0.6*
2.3. Væðing	5.3	218	4.8	16.405	0.6*
2.4. Aðgang af leik	-	46	-	-	-
2.5. Einn	5.0	218	5.2	16.381	-0.2
2.6. Tíðni stöðva	11.9%	24,000	12.9%	2000,000	-0.4%
2.7. Stöðva stöðva	-	24	-	-	-
2.8. Tíðni stöðva - 2 (tíðni stöðva)	44.7%	96,000	40.6%	6400,000	-4.1%
2.9. Hættu mælingar	5.1	218	4.8	16.143	0.3*

3. Skóla- og bekkjarandi

Mælingar	Núfornu	N	Landl	N	Máttur
3.1. Samræmið við nemendahlýðni	5.4	216	5.0	16.133	0.4*
3.2. Samræmið við nemendahlýðni	5.3	218	5.0	16.370	0.3*
3.3. Aðgang af leik	5.1	218	5.2	16.381	0.1
3.4. Væðing stöðva	5.3	218	5.1	16.340	0.2
3.5. Mál og menningu	5.4	212	4.7	16.030	0.7*

Lestrarpróf MMS lögð fyrir í 1.-10. bekk

Haldið var áfram að leggja lestrarpróf MMS fyrir nemendur í 1.-10. bekk. Eins og fram kom í greiningu á niðurstöðum september- og janúarprófanna urðu umtalsverðar framfarir á frá sept.-jan. Framfarir voru minni frá janúar og fram í maí en þó hefur þokast í rétta átt á því tímabili eins og sést á súluritunum hér fyrir neðan. Þegar niðurstöður frá því sept. 2016 eru bornar saman við niðurstöður maí 2018 kemur fram að heilmikið hefur gerst á þeim tíma sem mælingar á lestri hafa staðið yfir.

[illegible]

Greining á niðurstöðum samræmdra prófa í 9. bekk

Í mars voru samræmd próf lögð rafrænt fyrir í 9. bekk í annað sinn.

Niðurstöður bárust við lok skólaárs þar sem fyrirlögn prófanna gekk ekki sem skyldi. Allir nemendur náðu að taka samræmda prófið í stærðfræði en 38 nemendur af 50 ákváðu að taka prófin í íslensku og ensku en sú próftaka var valfrjáls.



Hæfnieinkunnahlutföll
Enskuhluti
9. árgangur
Grunnskóli Seltjarnarness, mars 2018





Hæfnieinkunnir

	Íslenska			Svæðisbætti			Enska		
	Landið %	Skóli fj	Skóli %	Landið %	Skóli fj	Skóli %	Landið %	Skóli fj	Skóli %
A	10,7%	9	23,7%	8,7%	11	22,0%	9,2%	9	23,7%
B+	17,4%	12	31,6%	6,4%	8	16,0%	13,2%	9	23,7%
B	34,6%	9	23,7%	33,8%	22	44,0%	35,0%	18	47,4%
C+	9,8%	4	10,5%	8,7%	0	0,0%	10,5%	0	0,0%
C	24,6%	4	10,5%	34,3%	8	16,0%	24,3%	2	5,3%
D	2,8%	0	0,0%	8,1%	1	2,0%	7,8%	0	0,0%
Heild		38			50			38	

Lesskilningsprófið Orðarún í 7. og 8. bekk

Lesskilningsprófið Orðarún var lagt fyrir nemendur í 7. og 8. bekk í september og aftur í maí.





Mat og úrbætur

- Eineltismálin eru þeir þættir í skólapulsinum sem þarfnast skoðunar en þar eru mælingar ekki í samræmi við aðrar mælingar skólans. Við nánari skoðun á tíðni eineltis kemur fram að skólinn fékk afleita mælingu í október þ.e. hann mældist 22,5 prósentustigum yfir meðaltali. Þróunin í þessum mælingum var að nóvembermælingin sýndi 13,5%, desembermælingin 10,8%, febrúarmælingin 5,7%, marsmælingin 13,9% og aprílmælingin 3%. Þessi þróun bendir vonandi til þess að sú stöðuga vinna að bættum samskiptum, sem hefur verið í gangi innan skólans, hafi skilað árangri.
- Niðurstöður úr lesfimiþrófum MMS sýna að í maí er fjöldi nemenda, sem er undir viðmiðum í lesfimi, mestur í 7. og 10. bekk. Þar sem 10. bekkur er farinn frá okkur verður ekki gert mikið í því úr þessu en 7. bekkur, sem hefur verið í lestrartímum tvisvar í viku frá því í október 2017, mun áfram fá sérstaka lestrartíma á komandi skólaári einu sinni í viku. Á unglingastigi verður skipulagið auk þess áfram með þeim hætti að allir bekkir munu byrja skóladaginn á 20 mín. yndislestri fjórum sinnum í viku.

Það er áberandi að þær framfarir sem nást frá sept. – maí ná ekki að halda nógu vel yfir sumartímann þar sem nemendur eru greinilega ekki að lesa nógu mikið í sumarfríinu. Það er samt skemmtilegt að skoða niðurstöður skólans frá því að mælingar á lesfimi hófust, í sept 2016, og bera þær saman við mælingar í maí 2018 en þar kemur fram að talsverðar framfarir hafa orðið í skólanum í heild.

- Niðurstöður samræmdra prófa voru greindar í byrjun skólaárs 2018/2019. Gerðar verða ráðstafanir varðandi þá nemendur sem ekki náðu B í hæfnieinkunn og stuðningur skipulagður fyrir þá nemendur.
- Niðurstöður lesskilningsprófanna Oraðarún er fremur jákvæður þar sem talsverður hluti nemenda í 7. bekk bættist í hóp þeirra sem höfðu náð þeirri hæfni sem ætlast er til. Það fjölgaði hins vegar ekkert þeim nemendum sem náðu því að verða framúrskarandi í 7. bekk. Í 8. bekk náðu hins vegar talsvert margir þeim árangri að verða framúrskarandi og í maí var enginn nemandi í 8. bekk sem ekki náði þeirri hæfni sem leitast var eftir.

Júní

Mánuður	Verkefni	Ábyrgðaraðili
Júní	▪ Yfirferð lögbundinna áætlana ▪ Samantekt matsteymis um innra mat, skýrsla	▪ Skólastjórnendur ▪ Matsteymi/stjórnendur

Yfirferð lögbundinna áætlana

Lögbundnar áætlanir eru uppfærðar annað hvert ár og þar sem sú uppfærsla fór fram haustið 2017 munu áætlanirnar ekki að nýju fyrir en haustið 2019.